

Stjórnarfundur Leiðsagnar

22. mars 2022 kl. 17:00

Boðaður fundur stjórnar og varamanna.

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður (FR), Valva Árnadóttir (VÁ) gjaldkeri, Harpa Björnsdóttir (HB) ritari, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) meðstjórnandi í stað SP.

Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður (SSS) sat fundinn með fjarfundabúnaði.

Boðuð forföll: Sigrún Pálsdóttir (SP) meðstjórnandi.

1.	Fundargerð síðasta fundar	Formaður setur fundinn. Fundargerð síðasta fundar 3.3. 2022 samþykkt af öllum, nema GME varamanni.		
2.	Listi yfir leiðsögu- menn á vefinn	SP vinnur með Filmís að verkefninu sem hefur tafist hjá Filmís af óviðráðanlegum orsökum. SP vinnur nú að breytingatillögum á fyrstu gerð uppsetningar og mun hún skila þeim til Filmís og stjórnar LS fyrir lok mars.	U	Sigrún
3.	Kjaranefnd og nýjar áherslur	<p>SSS vill gera samning sem fyrst við Báruna um vinnustaðaeftirlit, en það hefur strandað á því að Bárana vill sjá meiri árangur hjá LS varðandi kjaraálitamál og kjara-brot. Gögn Kjaranefndar virðast hafa verið í ákveðinni óreiðu og erfitt að henda reiður á því hvort eða hvernig mál hafa verið leyst, og svo virðist einnig sem óþarflega mörg mál séu óleyst frá fyrri tíð (2019-2021). Fyrri formaður Kjaranefndar, Jakob S. Jónsson, hefur ekki skilað minnispunktum eða úrvinnslugögnum til núverandi formanns LS eða Kjaranefndar, en gagnlegir eru minnispunktar sem VÁ hefur tekið saman um þau mál sem hún hefur komið að. Ætlar SSS að hitta JSJ á næstunni og fara yfir með honum hverju er lokið og hverju ólokið. SSS telur bráðnauðsynlegt að skerpa verkferla í sambandi við úrvinnlu mála, geymslu gagna o. fl. Stingur hann upp á að stöðluðu úrvinnsluformi varðandi kröfur og afgreiðslu mála og eftir það er hægt að eyða persónulegum gögnum sem varða málið.</p> <p>SSS ítrekar að ef stéttarfélag nær ekki að verja hagsmuni félaga sinna þá er kjarni þess og tilgangur ekki til staðar. SSS óskar því umboðs stjórnar til að leita til Birgis Haukssonar hrl. til að sinna þessum málum fyrir félagið og er það samþykkt. Um væri að ræða ákveðinn kúf í fyrstu en svo nokkuð reglubundinn kostnað, en ca 1-2 mál koma upp í hverri viku, sum auðleyst en önnur erfiðari. Þetta mun þýða aukin útgjöld félagsins í þennan málaflokk, en ef vel tekst til þá ætti sá kostnaður að skila sér til baka ef góðar innheimtur verða.</p> <p>Áður en mál eru sett í hendur lögfræðings til innheimtu þá þarf fyrst að vera búíð að reikna út rétt kjör félags-</p>	U	Snorri
			Á	Snorri

		<p>manna útfrá launaseðlum og gildandi kjarasamningum LS, og yrði það á hendi starfsmanns LS og Kjaranefndar.</p> <p>Búið er að stofna sérstakt netfang þangað sem félagsmenn geta sent erindi beint og leitað úrlausna kjaraálitamála: kjaranefnd@touristguide.is - þarf að kynna fyrir félagsmönnum í félagapósti.</p> <p>Kjaranefnd hefur fundað með nokkrum stórum ferðaþjónustufyrirtækjum til að ræða undirboð, verktaka-greiðslur og jafnaðarkaup sem stenst ekki kjarasamninga. Til grundvallar öllum málum þurfa að liggja launaseðlar sem endurspeglar raunveruleikann, en þeir eru mjög misjafnir eftir ferðaþjónustufyrirtækjum og þá þyrfti því helst að staðla. Sama gildir um ráðninga-samninga og telur SSS að miða ætti við samninga Vinnumálastofnunar. Ráðlegt að leita einnig til ASÍ og fá þau og þeirra lögfræðinga í lið með okkur.</p> <p>Kjaranefnd er farin að huga að komandi kjarasamningum við SAF í haust, og hefur m.a. yfirfarið gildandi kjarasamninga til að undirbúa sig. SSS kveður þá að sínu mati óþarflega flókna og vill einfalda þá.</p>	Á	Snorri
			U	
			U	
4.	IGC – Inter Nordic Guide Club	<p>Stjórn LS hefur velt fyrir sér starfsemi IGC og aðild sinni að þessum norræna félagsskap. Hér áður fyrr var greitt ákv. gjald fyrir hvern einasta félagsmann LS til IGC en fyrir nokkrum árum var því hætt og nú er aðeins greitt fyrir ca 20 félagsmenn, trúlega í sparnaðarskyni.</p> <p>Spurningar vakna um hvaða ágóða hefur LS af þessum félagskap, en lítið hefur farið fyrir upplýsingastreymi til fyrri og núverandi stjórnar LS um virkni og starfsemi IGC og lítil sem engin tengsl hafa verið milli fulltrúa í IGC og fyrri og núverandi stjórnar Leiðsagnar. Stjórn er sammála um að norrænt tengslanet leiðsögumanna sé mikilvægt og því samþykkt að halda greiðslum til IGC áfram, en óska jafnframt ítarlegri upplýsinga frá fulltrúum þar. Einnig talið nauðsynlegt að einhver aðili úr stjórn sé fulltrúi félagsins á þessum vettvangi og sitji fundi þar. Til þess þurfa að berast með góðum fyrirvara upplýsingar um fundi IGC og fundarefni svo hægt sé tímanlega að velja fulltrúa stjórnar til setu þar.</p> <p>SSS hafði frumkvæði að því að funda með núverandi íslenskum fulltrúum IGC og hefur sent stjórn LS minnispunkta frá þeim fundi. Ragnheiður Björnsdóttir var upphaflega skipuð af LS í uppstillingarnefnd IGC og vinnur því núna á vegum IGC, en sú uppstillingarnefnd kemur síðan með tillögu um hverjir eru okkar fulltrúar í IGC. Er það núna Sigrún Ragnarsdóttir sem aðalmaður og Jórunn Rothenberg sem varamaður. (Jórunn situr einnig í Alþjóðanefnd sem fulltrúi stjórnar síðan 2020). Íslensku fulltrúarnir í IGC setja síðan saman lista yfir þá 20 félagsmenn sem greitt er fyrir af hendi LS, að fengnu þeirra samþykki. Sækja má um styrk til Endurmenntunarsjóðs til að sitja fundi IGC.</p>	U	Snorri
			Á	
			Á	

		SSS stingur upp á að árlega komi fulltrúar okkar í IGC á fund stjórnar og skili yfirliti yfir starfið, annaðhvort að vori áður en skýrsla stjórnar er samin eða að hausti þegar starf stjórnar hefst af fullum krafti. Það þarf að tryggja að LS njóti góðs af þessu samstarfi og að það sé bein tenging milli stjórnar og IGC. Þar sem stjórn er samþykkt áframhaldandi aðild að IGC þá er nauðsynlegt að setja árgjaldið inn í fjárhagsáætlun félagsins og endurmeta síðan kosti og galla aðildar á ca 3ja ára fresti.	U	Friðrik Snorri
			Á	Stjórn
5.	Starfshópur um menntun leiðsögumanna	GME er fulltrúi LS í starfshópi á vegum Menntamála- stofnunar sem fjalla á um menntun leiðsögumanna, í framhaldi af vinnu starfshóps á vegum Ferðamála- ráðuneytisins sem skilaði af sér skýrslu á síðasta ári. Starfshópur MMS hefur ekkert hittst fyrir utan fyrsta fundinn sem kallað var til síðasta haust og FR, JSJ og GH sátu. GME kveðst hafa ítrekað athugað með framganginn og næsta fund starfshópsins og hefur fengið þau svör að verkefnið hafi tafist tímabundið hjá MMS en nú verði boðað til fundar fljótlega.	U	Guðný
6.	Félagsfundur um lagabreytingar og siðareglur	FR hefur kynnt sér fundaraðstöðu sem stendur til boða í húsnæðinu að Stórhöfða 29, og list vel á halda félags- fundinn þar þann 5. apríl. Þar er aðstaða fyrir 100 manna fund, en kanna þarf umsjón veitinga. Á fundinum mun Indriði H. Þorláksson kynna vinnu lagabreytinganefndar. Lögfræðingur ASÍ hefur nú þegar farið yfir löginn og sent nokkrar athugasemdir. Eftir að þær hafa verið teknar til lokaúrvinnslu hjá lagabreyt- inganefnd á næstu dögum er hægt að kynna lagabreyt- ingarnar á félagavef. Eftir fundinn 5. apríl verður félagsmönnum gefinn frestur til 11. apríl að leggja fram frekari lagabreytingartillögur. Það sem á vantar við vinnu lagabreytingarnefndar er að fara yfir og samræma reglugerðir Sjúkrasjóðs og Endurmenntunarsjóðs. Stjórn Sjúkrasjóðs hefur þegar gert ákveðið endurmat á reglugerðum sjóðsins og þarf lagabreytinganefnd að kalla eftir þeim. Sama gildir um Endurmenntunarsjóð, en stjórn hans þarf að endur- skoða reglugerð sjóðsins sem fyrst og koma niður- stöðunni til lagabreytinganefndar. Nýjar siðareglur munu líka verða teknar fyrir á félagsfundinum 5. apríl. Páll Rafnar siðfræðingur hefur sent athugasemdir við fyrstu drög til umræðu og umhugsunar, og eins hefur SP lagt fram tillögur sem hún gerði með hliðsjón af athugasemdum Páls. Samþykkt að HB taki að sér að fara yfir fram komnar athugasemdir og leggja fyrir stjórn hið fyrsta.	U	Friðrik
			U	Laga- breytinga nefnd
			Á	Stjórn
			U	Friðrik
				Sjúkra- sjóður Endur- menntun arsjóður
			Á	Harpa
7.	Aðalfundur	Samþykkt að halda aðalfund Leiðsagnar þriðjudaginn 26. apríl kl. 19 í húsakynnum að Stórhöfða 29. Senda þarf út fyrsta fundarboð á næstu dögum, þar sem minnt er á frest til að leggja fram lagabreytingar og einnig framboðsfrest til stjórnar, nefnda og ráða. Stjórn þarf í samráði við trúnaðaráð að stofna Kjörnefnd sem tekur	Á	
			Á	Friðrik

		<p>að sér að leita eftir framboðum. Kjósa þarf tvo fulltrúa í stjórn til tveggja ára, fjóra varamenn til eins árs, aðal- og varamenn í trúnaðarráð (sex fulltrúa í hvort, alla til eins árs) og fulltrúa í ýmsar fastanefndir og aðrar stöður. Gera þarf ítarlegan lista yfir hvaða trúnaðarstörf þarf að manna og kanna hverjir hafa hug á að bjóða sig fram til áframhaldandi setu. Taka FR og SSS það að sér.</p> <p>Ræða þarf við Filmís um að taka að sér umsjón fjarfundabúnaðar á aðalfundinum líkt og var gert í fyrra og tókst vel. Velja þarf góðan aðila til að samþykkja félagsmenn inn á fundinn út frá kjörgengi, bæði staðbundið og rafrænt. Munu FR og SSS leita upplýsinga hjá fyrri stjórn um fyrirkomulagið.</p>	Á	Friðrik Snorri
			Á	Friðrik Snorri
8.	Önnur mál	<p>a) VÁ segir frá því að ársreikningar séu tilbúnir og bókarari sé búinn að senda þá til endurskoðanda. Fljótlega fá skoðunarmenn og stjórn LS ársreikningana til skoðunar og samþykktar.</p> <p>b) HB nefnir að sér finnist yfirfærslu upplýsinga milli fyrri stjórnar og núverandi stjórnar hafa verið talsvert ábótavant og oft þegar leitað hefur verið eftir upplýsingum hjá fyrri aðilum þá hefur verið ákveðin tregða við að afhenda þær eða gögn ekki fundist. Gagnavörslu ákveðinna mála er líka ábótavant og auk þess þykir HB verkefnum ekki hafa verið ýtt skipulega áfram til næstu stjórnar, t.d. hvað varðar vinnu við raunfærnimatið, lögverndun starfsheitis, viðræðum við skólana o.fl. Hefur það gert starf núverandi stjórnar miklu erfiðara en þurfti að vera og hefur þýtt meiri leit að upplýsingum og óþarflega miklum tíma eytt í að finna út úr hlutum og laga verkferla. SSS telur þetta ekki vera einstakt dæmi, þetta sé að vissu leyti saga LS.</p> <p>c) Umræða í fundarlok um málefni Endurmenntunarsjóðs og upplýstu þau sem sitja í stjórn sjóðsins, þau FR, HB og VÁ, aðra fundarmenn um gang mála.</p>	U	Valva
	Fundi slitið 18:45			

Fundargerð þessi samþykkt á næsta stjórnarfundi 7. apríl 2022 af öllum nema Guðnýju Margréti Emilsdóttur (GME) sem lagði fram tvær bókanir:

Bókun I frá GME:– „Stjórnarfundur 7.apríl 2022. Ég legg fram bókun vegna athugasemdar er vantar inn á síðustu fundargerð stjórnar, dagsett 22.mars 2022, „fyrirverandi stjórn Endurmenntunarsjóðs virti ekki úthlutunarreglur sjóðsins sem varð til þess að einn styrkþegi fékk 1.800.000 ISK greiddar úr sjóðnum þegar hámarksstyrkur á ári á félagsmann er 60.000.“

Athugasemd ritara vegna bókunar I frá GME: „Umræða um málefni Endurmenntunarsjóðs fór fram eftir að formlegum fundi stjórnar lauk og sumir stjórnarmenn höfðu yfirgefið fundinn. Fyrir þrábeidni GEM var liður 8.c.

settur inn í fundargerðina, þó það væri ekki tekið formlega upp undir liðnum „Önnur mál“ og ætti því per se ekki heima í fundargerðinni. Til útskýringar má nefna að núverandi stjórn Endurmenntunarsjóðs, sem vel að merkja ber ekki neina ábyrgð á umræddri styrkúthlutun, hefur leitað lausna á umræddu vandamáli undanfarna 4-5 mánuði, eins og stjórn LS, bæði aðalmönnum og varamönnum og þar með GME, er vel kunnugt um.“

Bókun II frá GME: „Ég (GME) bað formann um hreyfingarlista sjóðanna þriggja; hann neitaði mér um þá og sagði ennfremur að ég „hefði ekkert með þá að gera“.

Gagnbókun frá formanni (FR) vegna bókunar II frá GME: „Formaður sá ekki nauðsyn þess að GME fengi hreyfingarlista sjóðanna og taldi vafa leika á lögmæti þess vegna persónugreinanlegra upplýsinga sem þar koma fram.“

Athugasemd ritara vegna bókunar II frá GME: „Eftir að fundi lauk fór GME fram á við formann að fá alla hreyfingarlista hinna þriggja sjóða félagsins afhenta, en var bent á af FR að það stæðist ekki persónuverndarlög og eins spurði FR hvað GME ætlaði sér að gera við þessi gögn, en ekki kom svar við því. Að umorða þessi kurteislegu orðaskipti þannig að GME hafi verið „neitað“ um gögnin, eins og sjá má í bókun hennar, er talsverð afbökun á þessum orðaskiptum. Einnig er talsvert álitamál hvort samtöl sem fara fram eftir að formlegum fundi lýkur eiga erindi í fundargerðir með svo nákvæmum hætti sem GME fer fram á í bókunum sínum.“

Staðfest:

Friðrik Rafnsson, formaður

Harpa Björnsdóttir, ritari